

114 / 56 fundur

Fimmtudagskvöldið 6. september 2001, kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 20:08.

Mættir: Sigurður Ragnar Kristinsson, Henryr Már Ásgrímsson, Gunnlaugur Ólafsson, Guðmundur Vilhjálmsson og Þorsteinn Óla Þorbergsson.
Oddviti setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

· Hreppsnefndarfundur, 30.08.01.

· Íþrótt- og tómstundaráð, 04.09.01.

Hreppsnefnd óskar eftir því að Íþrótt- og tómstundaráð fundi aftur sem fyrst og taki afstöðu til umsóknar um forstöðumann Íþróttamiðstöðvar og skili álit til hreppsnefndar, einnig óskar hreppsnefnd eftir því að nefndin fari yfir erindisbréf sitt og skili einnig álit sínu um það sem allra fyrst. Samþ. samhljóða. Fundargerðin samþ. samhljóða.

· Hafnarnefnd, 06.09.01.

Frestað, fyrri hluta fundar lokið, verður því afgreitt síðar. Oddviti óskaði eftir leyfi fundarins að taka á dagskrá mál sem snertir fund hafnarnefndar. Samþ. samhljóða. Oddviti var fram eftirfarandi tillögu: "Sveitarsjórn samþykkir að leita til ráðgefandi aðila til að meta lánsfjárförf, fjármögnunarleiðir og greiðslugetu hafnarsjóðs vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda". Samþ. samhljóða.

· Sameiginlegur fundur Þórshafnar og Svalbarðshrepps, 06.09.01. Fundur haldinn en afgreiðslu fundargerðar frestað.

2. Mál. Ráðning forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar. Frestað, sjá afgreiðslu fundargerðar íþr. og tómst.ráðs og bókun hreppsnefndar. Samþ. að hreppsnefnd komi saman strax er álit nefndar er komið.

3. Mál. Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar og Barnabóls.

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu sem samþykkt var samhljóða. "Forstöðumönnum viðkomandi deilda er falið að endurskoða gjaldskrár og leggja tillögurnar til umsagnar hlutaðeigandi nefnda".

4. Mál. Íbúar við Fjarðarveg innanverðan- undirskriftir v/hraðahindrunar.

Bréf dags. 25.08.01. Áheyrandi á fundinum óskaði eftir að taka til máls, oddviti bað um leyfi fundarins og var að samþ. samhljóða. Þorsteinn lagði fram eftirfarandi tillögu sem samþ. var samhljóða. "Sveitarstjóra verði falið í samráði við Vegagerð að finna lausn sem best þykir til þess fallin að draga úr umferðarhraða við Fjarðarveg".

5. Mál. Skrín ehf., - endurnýjað tilboð í kerfisleigu.

Samþ. samhljóða að hafna tilboðinu.

6. Mál. Norðurlandsskógar, höfnun á inngöngu. Kynning.

7. Mál. Fjármálaráðstefnan 10. og 11. október 2001.

-Þátttakendur f.h. Þórshafnarhrepps. Sveitarstjóra falið að kanna áhuga aðalmanna í hreppsnefnd að sækja ráðstefnuna. Samþ. samhljóða.

8. Mál. Þórarinn Björnsson - forkaupsréttur að fjárhúsi, merking lands.

Bréf dags. 05.09.01., frá Magnúsi Má. Oddviti bar fram þá tillögu að sveitarstjórn nýtti ekki forkaupsréttar að umr. fjárhúsi, samþ. með fjórum atkvæðum, einn á móti. Tillaga sveitarstjóra varðandi þessi mál sem fram koma í bréfinu, samþ. samhljóða.

9. Mál. Ármann Guðjónsson f.h. Skyggnis v/tölvumála grunnskólans.

Erindinu vísað til skólamálaráðs til umsagnar.

10. Mál. Einkamál.

Eitt mál til kynningar, afgreitt á lokuðum fundi.

Dagskrá tæmd. Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 22:02.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.